**Lagabreyting**

Við 2.gr 1.kafla bætist

“Komi til slita á félaginu, hvort sem er með ákvörðun aðalfundar eða af öðrum lögmætum ástæðum, skulu allar eignir þess, að frádregnum skuldum og kostnaði vegna slita, renna óskiptar til grasrótarstarfs í bridge.

Með grasrótarstarfi er átt við starfsemi sem rekin er í þágu almennings, án hagnaðarsjónarmiða, og styður við samfélagsleg verkefni og sjálfboðaliðastarf í bridge.

Aðalfundur skal, við ákvörðun um slit, tilnefna nánar hvaða aðili eða aðilar innan grasrótarstarfs skuli njóta eigna félagsins, í samræmi við markmið þess og anda.

**Rökstuðningur.**

Bridgesambandið fell út af skrá RSK um almannahagsmunafélög vegna þess að ekki kemur fram í lögum félagsins hvað verður um eignir félagsins við slit. Með þessari breytingu eru lögin aðlöguðuð að kröfum um almannahagsmunafélög.